

HELMIR

V. árgangur

WINNIPEG, 1908.

5. blað.

„CONFORMITY.“

Fyrirlestur fluttur á kyrkjufingi Ísl. Unitara í Winnipeg 1908.



EG hefi reist mér hurðarás um öxl, með umræðuefni því er eg hefi tekið til meðferðar í kveld. Bæði er mál-efnið svo afskaplega stórt, og tekur inn í allar hugar-hreifingar manna, frá fyrstu tímum sögunnar, og svo undir búningurinn, og meðfædd lægni, að fara með mál á skiljanlegan hátt, ekki meiri en í meðallagi.

Ekki ætla eg þó að biðja samfélagsmenn mína fyrirgefning-
ar á því, að eg skildi koma með þetta til umræðu, ekki sízt ef
það gæti orðið til þess, að fleiri færi að athuga hvað undir býr
og hve mjög lítið umkvartanir þær hafa við rök og reynslu að
styðjast, er sakkfella breytingasemi mannlegs huga, því það er
alls ekki óþarft að það sé athugað.

Einhverjir munu spyrja, því eg hafi valið útlenda fyrirsögn
á þessu erindi mínu í kveld, og ætlaði eg rétt að fara að útskýra
það. Eg hirti meira um merkingu orðsins í þess upprunalegu
og sögulegu mynd en málið sem það er tekið úr, því það er um

merkingu orðsins og það hugtak sem í því felst og finnst í hugsana stefnu flestra siðaðra þjóða, — þótt ekki eigi þær sumar heppilegra orð yfir það, — er eg vildi tala, en ekki um orðið sjálf.

Hugsanin sem í orðinu felst er sú, að eitthvað sé sett til fyrirmyndar og fyrirsagnar er maðurinn á að líkjast og haga sér eftir, og þegar margir geta gjört það myndast heild, þar sem allir einstaklingar, ásamt öllum hópnunum til samans, hafa öll sömu einkenni til að bera.

En komi það svo fyrir að einn úr hópnunum fari og signi sig öðruvísi en hinir, og hugsi um leið aðrar hugsanir, eða hann stýli bæn sína til guddómsins öðruvísi en hinir, eða felli niður föstu, eða hugur hans leiði hann ósjálfrátt til annara en þeirra viðteknu ályktana um uppruna heimsins, tilgang lífsins, þýðingu dauðans, eðli sálarinnar, þá er hann orðinn „Nonconformist“, ósamráður öllum hinum, er einn og allir eru eitt og eins.

Orðin, „Conformity“ og „Nonconformity“, eru í sérstökum skilningi kyrkjumál, en hugmyndirnar er í þeim felast eru ekki fremur kyrkjunnar en ríkisins í heild. Þau taka yfir baráttu þá sem vöxtur mannfélagsins, útávið og uppávið, hefir orsakað, baráttuna milli einstaklingsins og heildarinnar, þar sem heildin reynir að samlaga alla einni viðtekinni hegðan, skoðun, ímynd, en einstaklingurinn ósjálfrátt, vegna sinna eigin sálar tilfinninga, brýtur bága við heildarlögmálið í óteljandi greinum, þó oftast komi það fram í öllum sökum aðlútandi trú. Þess vegna eru hugtök þessi notuð tíðar í trúarlegum skilningi en öðrum, en alstaðar eiga þau heima og geta heimfærst hvar sem eins er ástatt.

Hugur manna, frá allra fyrstu tímum, hefir jafnan verið að leitast við að sameina allar sínar hugmyndir viðvíkjandi tilverunni, í eina sameiginlega heild. Út frá þeirri meðfæddu tilhneigingu mannsandans hafa myndast lagabálkar, siðir, trúfræðiskerfi. Og þegar þau hafa verið komin saman í fasta heild, hafa þjóðfélögin lagt þau til grundvallar fyrir lífi sínu, samið sig eftir þeim og gjört þau að bindandi boði fyrir sig og

arfa sína í óákveðinn tíma. Hafi einhver meðlimur þjóðfélagsins svo ekki viljað viðurkenna vald þessara ýmsu setninga, hefir hann strax brenningst sem óvinur nannfélagsins, hættulegur meðlimur þjóðfélagsins, og samfélag hans hefir fundið ráð til þess að koma honum einhvernveginn úr vegi. Hann er andlagur þjóðfélaginu, — „Nonconformist.“

Strax á fyrstu tíð byrjar þessi tilraun og saga hennar nær ofan til vorra tíma.

Skoðanirnar og setningarnar, er ávalt bera herra hlut í þessari baráttu fjöldans gegn einstaklingnum, eru nefndar þær „réttu“ og þær „sönnu“. Hinar, er ósigur bíða, nefnast ýmist „villa“ eða „sérkenningar“. Það eru réttar kenningar, „Orpodoxar,“ sem meginafið styður, á hverju sem fylgi þeirra byggist.

Það sem setningum þeim og síðum, er fjöldinn fylgir fram, gegn öllum nýjungum og tilbreytingum einstaklinganna, er oftast talið til gildis, er að þær sé gamlar, hafi jafnan verið til, sé samaldra „hæðunum eilífu“ og hafi verið til áður en fjöllin fæddust. Þessi aldur á að sýna sannleiksgildi þeirra, því menn hafa skapað sér þá hugmynd um sannleikann að hann sé einn og óumbreytanlegur og hafi verið frá ómunatíð æ hinn sami. Þessi skoðun, eða kenning um eðli sannleikans, er raunar sú er flestir játa, en hér er blandað saman sannleikanum sjálfum og skilningi manna á sannleikanum, því það er skilningur á sannleikanum er fram kemur í kenningum og laga setningum. En skilningi manna hefir jafnan verið ábótavant. Í raun rétri byggist því ekki gildi nokkurrar kenningar á aldri hennar, hve langt er síðan að menn skildu sannleikann þannig, heldur hve skilningurinn var fullkominn þá, hvort menn skildu sannleikann rétt.

Með því að Orpodoxían, í hinum víðtæka skilningi rétt trú, réttur síður, rétt lög, byggir sannanir sínar á aldri kenninganna, verður stefna hennar jafnan íhaldsemi, sú, að sporna við öllum umbreytingum. Ef engu má breyta er öll framþróun ómöguleg. Hún verður þá tálmun allra framfara. Og barátta hennar snýst þá allajafnast upp í baráttuna gegn framförunum.

Barátta þessi getur þó aldrei sigrað, því þar grípa inn í og

ráða úrslitum, eðlislög tilverunnar sjálfra er krefja jafna framfara. Orþodoxian, eða íhaldsemin, verður þá altaf takmörkuð innan vissra tímabila, og frá einum tíma til annars verður hún altaf að þoka til, þokast áfram um skeið, til þess, að minnsta kosti, að geta verið í höggstöðu við þá, sem fram úr keppa.

Það er einnig óljós bending um sigurleysi þesaarar baráttu vitnisburður Orþodxu kyrkjunnar um sjálfa sig. „Kyrkjan hér í heimi er stríðskyrkja; því að hún mætir sífelt margfaldri mótstöðu og ofsókn í heimi þessum, en við enda veraldar verður hún sigurkyrkja: því að allri baráttu hennar verður þá lokið.“ Við enda veraldarinnar, þegar allir eru dauðir, verður hún sigurkyrkja. Þegar mannkynið verður ekki lengur til og öll framsókn horfin, þá sigrar íhaldsemin í baráttunni að veita allri framför viðnám. Er það ekki einhver rödd neðan úr djúpi mannlegrar meðvitundar, er talar þessum orðum í barnslegu sakleysi, óvitandi að með þeim orðum er uppkveðinn áfellingardómur á kyrkjuna.

Auk þess, að rétttrúnaðurinn telur aldurinn kenningum sínum til gildis, eiga þær að vera allsherjar, almennar, „katólskar“ meðal allra, er upp við þá stefnu hafa tekið. Allir þýða þær eins, hugsa út frá þeim á sama hátt, og er það sönnun þess að þær eiga æðri en mannlegann uppruna. Þannig telur kyrkjan að öll sín helgu rit flytji sömu kenningar, viðvirkjandi þeim þremur höfuð atriðum trúarinnar: mannum, heiminum og guði. Jafnvel útlekking allra þessara rita á önnur mál, stjórnast af æðra krafti, svo aldrei er vikið hársbreidd út frá upprunalegri meiningu. Þessi æðri kraftur, er ræður ritun, orðalagi og kenningu þeirra, er Andi Guðs, eða Heilagur Andi. Í raun réttari eiga öll hennar boð og bönn að vera sótt út fyrir mannheiminn sjálfan, til guðs er ríkir á himnum.

Að alt þetta, er kyrkjan tileinkar sér, styðst við trúspeki en ekki sögu hefir marg oft verið sýnt, og að strax á fyrstu dögum hennar átti ekkert slíkt sér stað eins og sameiginlegar skoðanir á öllum megin atriðum trúarinnar. Að því vildum vér færa nokkur rök. Í fáum orðum sagt: Að „Conformity“játningin, er kyrkjan hefir til einkað sér, hefir jafnan verið hugarburður,

ósannur og óframkvæmanlegur: Að staðfesta hennar við trúarlærdómanna er bundinn vissum tímabilum, svo að staðhæfing hennar, að hún sé ein og óumbreytanleg, er einnig ósönn; Að hún hefir jafnan verið lifandi vottur afturhaldsseminnar og barist gegn framförum og tilbreytingum, og að hún á enga þá lærdóma til í eigu sinni er hún hefir ekki um eitthvert skeið æfi sinnar fordæmt og hafnað, eða fullyrt að væri komnir frá Satan.

Á fyrstu dögum kristninnar átti ekkert slíkt sér stað sem sameiginlegar skoðanir á öllum meginatriðum trúarinnar, enda gat það tæpast verið. Meðan Jesú lifði, og lærisveina hópurinn var ótvístraður, sveigðu allir til fyrir skoðunum hans, en strax og hann var dáinn byrjar meiningamunur. Einhver fyrsta deilan um trúaratriði byrjar með þrætunni í Antíokk, milli Péturs og Páls, æðstu postulanna, út af lögmálinu hvort þeim er snerust bæri ekki að umskerast, uppfylla lögmálið og gjörast á vissann hátt Gyðingar. Pétur hélt því fram. Það var eðlilegt. Kristur hafði sjálfur sagt að hann væri ekki kominn til að aftaka lögmálið og spámennina heldur til að fullkomna það, og kristnin í fyrstu var aðeins skoðuð sem deild af gyðingdóminum. En Páll varð æfur við. Grikkir og Rómverjar höfðu ekki í hávegum Gyðingapjóðina í þá daga, og það gat orðið sú töf er hefði dugað, til þess kristnin hefði alls ekki útbreiddst, ef þeir hefði allir átt að gjörast Gyðingar. Hvert happ og sundrung leiddist af þessari deilu má lesa í bréfi Páls til Galatamanna, og er orðalag Páls þar ekki sem liprast. Hann úthúðar Pétri fyrir hræsni, og segir hann sé vítaverður, segist hafa fundið að við hann upp í opin augun, og ákallar „anathema“ og bölvun yfir alla hans frammistöðu. Páll er fyrsti „Nonconformist“ kristninnar, gegn allra fyrstu kristninni, er þeir Pétur og Jacob kendu, því hjá þeim er kristnin umbóta hreyfing innan gyðingdómsins, er hvorki byggði fyrirheit sín né staðhæfingu kenninga sinna á persónu Jesú, heldur útvalningu guðs á Gyðingapjóðinni og þeim lærdómum er hann hafði henni gefið. Líf og upprisa Jesú var í þeirra hugskoti aðeins sönnun á að hann hafði flutt sannan boðskap, en allar líkur eru til að þeir hafi skoðað hann aðeins sem spámann og tilvonandi umboðsmann

guðs í hinni tilkomandi gyðinglega Messíasar ríki. En skoðanir þessar urðu brátt undir. Trúflokkur postulanna, áður en fyrsta öldin var liðin, var skoðaður kristinn vantrúarflokkur og nefnist þá ýmist „Ebíonítar“ eða „Elkesáitar,“ eftir því hve mikla áherzlu þeir lögðu á lögmálið; og er þeim þá fundið til saka af hinum fjölmennari trúflokki, er útbreiddst hafði utan Gyðingalands og nefndust Kristnir, að þeir höfnuðu átrúnaði á Jesú og segðu hann vera son Jóseps og Maríu.

En kristnin, er nefndi sig, og fylgdi fremur stefnu Páls en hinna, fór brátt að deila sín á milli, út af persónu Jesú, uppruna heimsins og þess illa og góða. Kenning Páls, um „veru Krists hjá föðurnum, áður en hann tók á sig þjóns mynd“ var nú allavega útskýrð, með tilhjálp heimspekinnar grísku, og þær ýmsu útskýringar ýmsra flokka, voru allar einu nafni nefndar „Gnostíkism“ eða „Vísdomur“, eins og N. T. útleggur það. Á annari öldinni útbreiddust Gnostikakenningarnar um alla kristnina og engin kyrkja í stærri borgum Rómverska ríkisins var til, er ekki um einn eða annan tíma hélt við þær skoðanir. Ekki leið á löngu, áður en allar þær kenningar urðu skoðaðar hin mesti villutrúarlærdómur, og fór svo að lyktum, að Gnostísku hreyfingunum var á allar hliðar mótmælt, en þó urðu fjölda margar þær kenningar að fasta kennirum kyrkjunnar um það að sú deila var um garð. Og má sérstaklega tilnefna þær skoðanir: Að líkami mannsins væri ill tilvera, er bæri að pynta og þjá á allar lundir, svo sálin nyti sín; Kenninguna um heimana mörgu, og er sumra meining, að 14. kap. Jóh. sé í þá átt um vistarverurnar; Um hið algjöra réttlæti guðs og óbeit hans á þessum heimi, svo að milli hans og manna þyrfti ótal milligangara; Um heiminn, sem reynslu og táradal, auk fleira; Og svo um tvíeðli Jesú, guðlegt og mannlegt, er sumir sögðu að hefði sameinast við fæðinguna, aðrir við skírninguna. Það eftirtektarverðasta við marga þessa gnostik flokka er hvað lítið þeir leggja upp úr Gamla Testamentinu, sem þeim æðsta vísdom. Jafnvel guð G. T., hjá sumum þeirra, eins og Valentínus frá Alexandríu, er sagður vera guð þess illa.

Um sama leyti og Gnostikarnir, komu aðrir tveir flokkar við

sögu er nefndir eru Montanistar og Alogi. Þeir byrja austur á Sírylandi. Þeir eru nokkurskonar seinuittíðar Adventistar og leggja áherzluna á Heilags Anda sending, tala tungum og eiga von á hverri stundu á 1000 ára ríkinu. Þeir voru dæmdir brátt vantrúarflokkur, fluttu þó ekki annað en það sem kyrkjan í fyrstu hafði einlæglega trúað og jafnvel Páll sjálfur kennt. Um tíma tók kyrkjan í Róm upp við þá, en féll frá kenningum þeirra strax og hún sá að hún myndi ekki verða ofan á. Þó hefir skoðun þeirra viðhaldist í hinni svonefndu Orþodoxíu, og ein bók N. T., Opinberunarbókin, er sannarlega ekki fjarri þeirra kenningu.

Hefði ekki kyrkjan á fyrstu þremur öldunum altaf satt ofsóknum við og við, hefði margfalt meira borið á og hlotist af öllum þeim skoðana mun er innan hennar ríkti. En ofsóknir utanaðkomandi voru til þess að halda henni saman. Þess vegna fram að þeim tíma að kristnin fékk viðurkenningu í Rómverska ríkinu árið 311, virtist fljótt á að líta út í frá, eins og allur skoðana munur væri aðeins það sem einstöku ofstækis mönnum bæri á milli við almennu skoðanina.

En þó var engin almenn skoðun til, er því nafni gæti nefnst. Flokkarnir lágu niðri og kyrkjurnar á hinum ýmsu stöðum fylgdi hver sinni útleggingu og blandaði kenningar sínar samtíðar heiðinglegum og heimspekilegum skoðunum. Fyrstu kenningar trúboðanna og postulanna lágu óljóst í minni og komu fram eftir að írelið var fengið og kristnin fór að njóta sín.

Það sem á fyrstu öldinni var nefnt Ebioniska, og gyðinglegu postularnir kendu, það, að Jesú væri sonur Jósephs og Maríu, kom aftur á gang í lok annarar aldar, undir nafninu Monarkíanism, eða sem þýðir það að alt guðlegt vald er guðs eins og að „orðið útgengið frá föðurnum“ er aðeins það vald og kraftur, er faðirinn gefur stöku mönnum, eins og Jesú, en ekki að hann taki þá til jafns við sig né að þeir hafi verið til frá upphafi allra vega. Helztu flutningsmenn þessara skoðana voru Þeodótus, frá Litlu Asíu, er fluttist til Róm, í lok 2 aldar og Páll frá Samosata, byskup í Antíokkíu, um árið 260. Kenning þessi var aðeins skoðan samtíðarmanna Jesú á honum, vak-

in upp á ný, er var auðvitað í fersku minni margra, og gengið hafði sem arfsögn í söfnuðinum, en nú orðin blönduð grísku heimspekinni, svo að búið var að hefja persónu Jesú, að dæmi Páls, er vildi gjöra hann yfirmannlega veru að nokkru leyti, upp í guða töluna. Og var henni í fyrstu vel tekið víða og þar á meðal í Róm, svo Róma byskup, er ekki var þá orðinn páfi, féllst á hana. En bráðum komu andmæli, og brutu andmælendur á, að í heila öld hefði hinn kristni flokkur forðast þessa villu, er væri gyðingdómur og Ebjónitiska.

Deilan enti þannig, að Páll frá Samosata var rekinn frá byskupsdæmi sínu árið 269, og 3 árum síðar útbyggt úr kristnum sið. En þeirri deilu var ekki lokið með því. Hún aðeins lá niðri meðan á ofsókn Galeriusar stóð, gegn kristnum mönnum, er stóð með mikilli grimmd í rúm 10 ár, upp að árinu 311. Og voru ofsóknirnar mest reknar austur í Asíu og Egyptalandi, þar sem þessar skoðanir áttu dýpstar rætur.

Líkt og með kenningar kyrkjunnar voru óteljandi mismunandi skoðanir á siðum og reglugjörðum kyrkjunnar, er valdandi urðu þungum deilum svo að einlægir smáklofningar áttu sér stað. Aðallega var það um það, hve fara ætti með þá, er fallið höfðu frá trúnni, meðan á ofsóknunum stóð. Því það voru altaf til nógu margir, er unnu sér það til lífs, að fórnfæra fyrir skurðgoðunum, þegar þess var krafist. Nokkrir vildu ekki leyfa þeim inngöngu til fullra réttinda á ný, eins og Novatian byskup í Róm, og ennfremur láta víkja þeim öllum úr kyrkjunni er drýgði einhverja glæpi. Það var puritana flokkur þeirra tíma. Aðrir héldu fram að kyrkjan væri líkt og Nóa-örkin, full hreinum og óhreinum dýrum, og yrði svo að vera til síðasta dags. Þeir unnu að lokum sigur, því þeim megin var fjöldinn, enda hagnaður safnaðanna mælti sterklega með því að þeim væri ekki útskúfað er vera vildi með.

Upp að árinu 325 er tæpast hægt að tala um nokkra eina almenna skoðun á nokkrum lærdómum og siðareglum kristninnar, og því „conformity“ manna og hlýðni eða undirgefni undir eina skoðun, varð að miðast við skoðanina á þeim stað er þeir

voru. Það sem fjölmennast var í svipinn var orþodox, en það varð aftur að römustu vantrú á næsta tímabili.

Helztu skoðanirnar er ríktu þá um þetta leyti, er flestir í öllum meginatriðum hölluðust að, voru í fyrsta lagi kenningar Páls frá Samosata og Aríusar öldungs frá Alexandría er þá kenur fyrst til sögu, viðvíkjandi guði, að hann sé ein og óskift vera og að Jesú sé mannleg vera, gæddur yfirburðum andlegrar speki um aðra menn fram, en alls ekki guð eða föðurnum jafn. Þó er sagt að Aríus hafi, til samkomulags, verið til með að ganga inn á að Jesú hafi verið yfirnáttúrleg vera en óæðri föðurnum og af honum sköpuð. Eins og vér höfum séð, kemur þessi skoðun óslitin neðan aldirnar frá postulátíðinni sjálfri, frá gyðinga kristninni, lítið eitt blönduð hjá Aríusi grísk-egypzkum fræðum. Aftur á móti var hin skoðunin sú, að Jesú væri útgenginn af föðurnum, guð í sönnum skilningi, og að guðdómurinn væri einn í þremur persónum.

Deildar meiningar voru þó um það hvort Kristur hefði haft bæði guðlegt og mannlegt eðli til að bera og ollu megnum deilum síðar. En eins og játningin ber með sér og segir: „hann var sama eðlis og faðirinn“, varð deilan snörpust um mannlega eðlið, hitt var talið sjálfsagt innan þrenningarflokksins.

Þessar skoðanir koma fram hver móti annari á allsherjar þinginu í Nikea 325. Til þings þessa var boðað af Constantínusi keisara, með því augnamiði að menn kæmu sér niður á einn allsherjar trúarlærdóm, er orðið gæti trúarlögbók hins nýkristna Rómverska ríkis og grundvöllur til trúaruppfræðslu ríkisins. Constantínus hafði gjört kristnina að ríkistrú, í því augnamiði að sameina ríkið og hugi manna. Það hafði borið lítið á deilum þar meðan á ofsókninni stóð. Þinginu stefndi hann saman til þess að fá eina almenna yfirlýsingu á því hvað kristindómur væri og lagði útlegð og bann við ef menn ekki kæmi sér saman.

En í stað þess að fá eina almenna yfirlýsingu þess hvað kristindómur væri, fékk hann eina ágæta sýningu þess hve kristnir menn geta rifist og bitist hjartanlega og heiftarlega. Það að allir að lokum skrifuðu undir þingjátninguna nema 3, var því

að þakka að óttinn við hann rak þá til þess. Þing þetta er fyrsta tilraun í sögu kristninnar að koma á „Conformity“ í trú, er mistókst hraparlega og í öllum sínum endurtekningum síðan hefir mistekist hraparlega.

Lýsing þessa fyrsta þings allsherjar kristninnar á jörðunni er til frá þeim tíma og er næsta einkennileg. Og leyfum vér oss að taka upp hér fáeina kafla í þýðingu úr ensku. Það sem aðallega bar á milli var um lærdóminn um persónu Jesú og helztu málsaðilar voru meiri hlutans, er að lokum réði úrslitum að Jesú væri guðs eingetinn sonur, sameðlis föðurnum; var Alexander byskup frá Alexandríu og Athanasíus djákn hans, en á móti, og með minnihluta tillögunni, þeirri að Jesú væri sköpuð vera, óaðri föðurnum, eða maður, gæddur andlegum yfirburðum; var Aríus öldungur frá Alexandríu og Eusebius frá Níkomedía, er þá var höfuðborg austur keisaradæmisins áður en Mikligarður var byggður.

Þeim er lýst á þessa leið:

„Fremstur að tign og vegleika var Alexander byskup. Hann var æðsti byskup kristninnar og honum einum bar nafnið „papa“ eða páfi. Byskupsdæmi hans var það menntaðasta og ríkasta á jörðinni. Hann var nú orðinn aldurhniginn mjög og átti ekki að auðnast að sjá sitt heilaga málefni til lykta leitt. Skuggi dauðans hvíldi yfir honum.

„Næstur honum er lítill og að virðist óveglegur maður tæpra 25 ára gamall, en fjörlegur og málhreyfur, með bjartann og guðdómlegann svip. Á honum hvíla allra augu. Þessi er Erkidjákn Athanasíus Mikli.

„Þá er að líta til hinnar hliðarinnar og er þá fyrstur sóknarpresturinn frá helztu kyrkjunni í Alexandríu, Baukalis. Hann er nú 60 ára að aldri, ákaflega hár og grannvaxinn og að virðist getur naumast haldið sér uppréttum, hann liðast og víxlast sundur og saman og gengur með einkennilegum hreyfingum, líkast þá er höggormur skríður. Hann væri fríður ásýndum væri andlit hans ekki svo átakanlega fölt og magurt og augun vísandi niður, er kemur til af því að hann er augnveikur. Stundum þrútna æðar hans og bólgnu og hann nötrar allur, sem væri

hann kvalinn hið innra fyrir af illum anda. Tillit hans er biturt og skarpt. Klæðaburðurinn eins og þeirra er smá heiminn. Hárið hangir í flóka. Oftast er hann hljóður, en brýst út með voða orðræðum á stundum, sem óður væri. Þó, þrátt fyrir allt þetta, er rödd hans þýð og ljúf og sjálfur seiðir hann að sér þá er komast í kynni við hann. Sagt er að honum fylgi í öllum greinum 700 fegurstu konur Alexandríu borgar. Þessi er Arius, erkitrúleysinginn og guðsafneitandinn.

Á þingi þessu er sagt að hafi setið 318 byskupar og fulltrúar kristninnar. Allmargir voru sunnan frá Egyptalandi og austan en 8 að minnsta kosti af Vesturlöndum. Mestur fjöldinn var alls óupplýstur, og þau mál er fyrir lágu, að ákveða um trúararlærdóm kyrkjunnar, þeim alveg um megn. Sumum er svo lýst að þeir hafi verið eincygðir og augnatóftin sviðin innan. Það höfðu rannsóknarmenn keisarans gjört, á dögum ofsóknarinnar. Nokkrir sunnan frá Nubíu voru klæddir dýraskinum eða voru nær því naktir. Fjöldi skildi ekkert orð af því, sem sagt var. En atkvæði þeirra og undirskrift gildi fyrir því, um það hverju kristnin um alla eilífð skyldi trúá.

Þar var líka einn byskup er oss Íslendingum hefði mátt þykja vant um. Það var Þjóðbaldur eða Þeófilus, byskup Gota, lærifaðir Ulfílas byskups er fyrstur færði norrænt mál í letur og snöri Biblíunni á Gotneska tungu. Þeófilus fylgdi Aríusi að málum, og er það eftirtektavert að Gotar og allar þjóðirnar að norðan, ofan til Franka, voru Aríanistar í skoðunum. Á nútíðar máli Unítarar. Sú fyrsta trúarjátning er norræn tunga las og játaði, var trúin á einn guð og meðalgangarann milli guðs og manna, manninn Jesú Krist.

Vor barna og feðra trú, innan kristninnar, alt frá Gotum þeim sem sigruðu Róm, Langbörðum Borgundum og Vandölum, er eingyðistrúin kristna.

Niðurstaða þessa þings var sú, að ekki gekk saman með skoðunum manna, þó kúgun væri beitt til undirskrifa.

Gregoríus byskup frá Nazíanzen, sá merkasti guðfræðingur þeirra tíma, er sjálfur var sjónarvottur að hinum síðari þingum, farast orð á þessa leið um þingin yfir það heila tekið og eru

þau að öllum líkindum sönn um Nikeu þingið sem hin sððari: „Eg hefi ei enn þekkt þá byskupastefnu er farið hefir vel, og frá sem fjarstum stað vil eg senda þeim kveðju mína, síðan eg kynntist yrringagirni þeirra. Eg skal aldrei framfar sitja á ráðstefnu með öðrum eins föntum og flónum.“ Hér er lýsing tekinn úr þingbók þingsins í Kalkedónu, um kveðjurnar til Þeodoret's byskups í Kars, er hann var leiddur til sætis af varðmönnum keisarans. Þeodoret var einn hinn fremsti andstæðingur orþódoxa flokksins og merkur kyrkjusöguhöfundur og fræðimaður þeirra tíma.

„Og þegar hinn háæruverði Þeodoret byskup gekk í þingsalinn hrópuðu hinir háæruverðu byskuparnir frá Egyptalandi, Illerú og Palestínu: „Drottinn miskuni mér! Trúin er eyðilögð! Rekið hann út, kyrkjan bannfærir hann!“ Og hinir háæruverðu byskuparnir frá Þrakíu, Pontus og Asíu. „Rekið út óvininn, rekið út óvin trúarinnar!“ Þá hrópaði Dioskorus byskup, sá allra æruverðasti, frá Alexandría. „Á þá að reka Kyril út? Þeodoret hefir fordæmt hann.“ Verðirnir þögguðu þá niður í þeim og færðu Þeodoret til sætis, og byrjaði þá háreystin á ný: „Rekið út gyðinginn, kallið hann ekki byskup, hann er enginn byskup! Hann svívirðir Krist! Rekið út óvin guðs! Lengi lifi keisarinn! — Lengi lifi hinn heilagi, kaþólski keisari!!—“

Það hefir tæplega gengið meira á, þegar menn voru hengdir eða brendir í gamla daga, en þegar þessir æruverðu byskupar gengu til sætis síns á þinginu. En svo voru líka æsingarnar orðnar megnar og vígamóður kominn yfir guðsmennina áður en saman var stefnt þingheimi.

Eusebíus kyrkjusöguhöfundur frá Cæsaría lýsir þeim hita er kominn var alla reiðu milli manna, út af deilunum milli Aríusar og hans manna, við Alexander og hans liða, er héldu fram þrenningar lærdóminum. „Héröðin voru í uppnámi, byskup á móti byskupi, og svo heimskulega frekjulega gengu deilurnar langt, að heiðingjar bjuggu til háðleika um þær, og léku í leikhúsum sínum, til mikillar ununar fólki en oss til háðungar. Líkneski keisarans voru brotin á götunum í sviptingunum. Sjómenn, malarar og ferðamenn sungu vísur um ágreiningar atrið-

in, við vinnu sína og á ferðalagi. Á hverjum bakstíg og á hverju götuhorni í borginni Byzantíum var rifist, á strætum úti og markaðs torgum, af línsölum, matsölum og peningavíxlurum. Væri kaupmaður spurður hvað marga „óboli“ þetta eða hitt kostaði svaraði hann: „Getin eða ógetin persóna?“ Spyrðir þú um verð á brauði var svarað: „Sonurinn er óæðri föðurnum.“ og spyrðir þú um hvert baðið væri til, var svarið: „Sonurinn er af engu tilordinn.“

Eftir þessari byrjun varð þingið. Keisarinn, er eftir því eina var sendur að fá samþykktir og reyna að gjöra trúna að samtengingar bandi fyrir alt keisaradamið, svo að allir skyldi hafa ein lög er hverjum gæti verið ljós, uppgafst von bráðar, er hann sá að til engra nota ætlaði að koma. Það er sagt að hann hafi beðið þá að hætta þessum hégómlegu stælum, koma á samkomulagi um, hvað verið gæti þeirra sameiginleg trú, og hrópað: „Fáið mér aftur mína rólegu daga og mínar hljóðu nætur; ljós og gleði í stað tíra og andvarpana!“ Það er vel til, að hann hafi efast um að það hafi verið opinberun úr betra heimi, einsog hann hafði áður sagt, er skaut honum því í brjóst að kalla saman þingið til þess að friða ríkið. Loks hótaði hann hörðu, var seinast Nikeu trúarjátningin alræmda samþykkt, er kyrkjan hefir skoðað sem opinberun alls heilagleika síðan. Brögðum var beitt til að fá sem flesta til að skrifa undir. Sumum voru fengin eyðublöð, er þeir skrifuðu nöfn sín á. Þeim einsýnu, er vitnisburð sáluhjálparinnar allareidu báru í auðu augnatóptinni, eins og þeir sögðu, var hjálpað með undirskriftina, eða blaðinu hallað til svo það, er á því var, bæri undir blinda augað. En þrír skrifuðu ekki undir, Arius, Eusebíus frá Nikomedíu og Theognis frá Nikeu, er allir voru gjörðir útlægir og lýstir í bann.

En orsökina til þess að undirskriftir fengust, svo að frá byrjun Júní öllu gat verið lokið 25. Ágúst, telur einn söguskrifari þessa: „Af ótta við keisarann eða ráðamenn hans, af ótta við að baka sér óvild hjá æðstu prelátunum, eins og byskup Rómu og Alexandríu, af ótta við að verða taldir villitrúarmenn og verða smáðir, hataðir, bölvaðir og bannfærðir, settir í bönd, gjörðir útlægir, sveltir, missa brauðin (snemma hefir það komið til).

Öðrum hefir mäske gengið til friðsemi, óbeit á deilum, hlýðni, undirgefni, vingan, vinsældar leitun, hól, hégómadóyrð, algjört kæruleysi, þekkingarleysi á málavöxtum, leti, vinátta við menn vesöld og heimfýsi." Það er sumt af þessu furðu nýlegt og næstum eins og það þekki sig á þessari öld. En hafi þetta alt ráðið innblæstri Nikeu trúarjátningarinnar, er ekki að furða þó hún hafi enzt vel og verið heilög í kristninni.

Á þessu þingi var þannig burtkastað kenningu Ariúsar er þó nrátti rekja ofan til breytingarinnar í Jerúsalem, er postularnir sjálfir hófu, en heimspekilegar skoðanir, er næst stóðu Grísk-Rómversku trúnni viðteknar sem þær einu réttu. Þó stóð ekki þar við nema nokkur ár. Sex árum síðar (331) er þessu öllu breytt og samþykktir Nikeu þingsins, er að lögum urðu úr gildis numdar, útlægu byskuparnir heimkallaðir, en Athanasíus, og þeir er freklegast sóttu málin móti Ariúsi, sendir í útlegð árið 335. Á árunum upp til 357 eru átta þing haldin, ekki almenn að vísu en ná þó yfir alla kyrkjuna að öllu samantöldu, og á þeim 8 eru fordæðar sem vanheilagar, allar gjörðir þess næsta þings á undan, unz að hringferðin er farin, og búið er að fordæma allar þær kenningar, er kyrkjan hefir fyr eða síðar kallað „réttar“ eða „orþodoxar“, og er þá Nikeu samþykktin aftur leidd í lög 381, af þinginu í Miklagarði, er nefnt var hið annað Almenna þing Kristninnar.

Tilgangur Constantínussar mistókst, og hann sagðist þó hafa fengið vitran árið 312, vestur á Vallandi, að taka trú og síðan guðlega cpinberun um, að stefna saman þingi 325, til að sameina alla kristnina undir eina játningu, ein lög, og tryggja sér ríkið. Það var tilraun að koma á „conformity“, samlögun með öllum mönnum er aldrei hefir verið hægt. Öll kristnigat aldrei orðið á eitt mál sát. Hún hafði aldrei á einu máli verið og verður aldrei. En meiri hlutinn, af því honum var fengið aflið í hendur, gat nefnt sig orþodox og kúgað fleiri, er ekki voru sömu meiningar og þeir, til þess að taka upp við sína skoðun, og það gjörði hann. Og það gjörði kyrkjan og keisara-dæmið ofan allar aldirnar, eins og yður er öllum kunnugt, með allskonar bannfæringum, píslarfærum og vélabrögðum. En

skoðanirnar sem hafa verið ofsóttar hafa aldrei dáid út hafi þær haft við sannleik að styðjast. Þær hafa lifað og komið upp á ýmsum stöðum í ýmsum myndum. Skoðun Aríusar, þótt hún biði lægra hlut í Nikeu, dó ekki. Meðan Gotnesku ríkin stóðu lifði hún með miklum blóma, og þegar þau liðu undir lok, og þjóðinni var þröngvað undir páfatriúna, lifði hún samt meðal fátmennum hópa og yfir allar miðaldirnir fram á siðabót, voru hóp- ar á Suður-Frakklandi, í hinu forna Gotaveldi, er hóldu við þær skoðanir.

Einn þessi sértrúarhópur var nefndur Valdensar. Þeirra er getið á þessa leið: „Þeir segjast vera góðir menn og hafa trú Krists og postulanna, en þeir ráðast á og svívirða einn eftir annan öll sakramenti kyrkjunnar, en sérstaklega kveldmáltíðar- sakramentið, segja að í því geti ekki verið framborinn líkami Krists, því þó líkami hans hefði verið meiri en stærstu fjöll myndi kristnin vera búin með hann löngu fyrir þenna tíma. Þeir segja að brauðið í sakramentinu komi úr strái, gangi gegn um hrossstagl, þegar það er sigtað, og eftir að það er meðtekið gangi úr líkamanum óvirðulega, er alls ekki gæti hent ef það væri guðdómurinn sjálfur. Um skírn segja þeir að vatnið sé efni forgengilegt og geti spillt og megni því alls ekki að hreinsa sál mannsins, enda selji kyrkjunnar menn aðeins þetta vatn fyrir ágirndar sakir, rétt eins og þeir selji moldina til greftrun- ar og olíuna til smurninga og synda aflausn prestanna. Allar játningar til presta Rómversku kyrkjunnar, segja þeir gagns- lausar, þar sem þeir séu syndarar og óhreinir véru sjálfir og fái hvorki leyst né bundið. Ennfremur segja þeir að krossi Krists skyldi enginn maður sýna lotningu eða tilbiðja, vegna þess að engum myndi hugkvæmast að tilbiðja gálga þann, er faðir eða móðir væri hengd á, eða vinur eða ættingi. Marga fleiri hneykslanlega hluti kenna þeir og meðal annars lesa guð- spjöllin á sínu eigin máli.“—

Á þessari stuttu lýsingu má sjá hve mjög lifði eftir af skyn- samlegum kenningum, alt fram undir siðabótar daga, þegar þinar seinni tíðar Unítarísku skoðanir byrja á ný að láta á sér bera, og bera þá það nafn.

Í þessum sundurlausu molum, er eg hefi nú lesið, hefi eg eingöngu hreyft við trúarlegu „Conformity“, er kyrkja og keisarar reyndu að koma á, en aldrei hefir tekist. Eg hefi verið fjölórður og tekið langdregna lýsingu af Nikeu þinginu, vegna þess að það eru fyrstu og alvarlegustu tilraunirnar, er gerðar voru í kristinni tíð að binda mönnum skoðanir og láta alla samlaga sig eftir fyrirmyndinni, játningunni er þar var samin. Eg hefi einnig reynt að sýna fram á hvernig það mistókst, því altaf voru fleiri, er leynt eða þí opinskátt höfnuðu öllum þeim ákvæðum, en þeir sem héldu þau. Eins og í háðleik bregður sagan upp fyrir oss mynd af jafnvel einum keisara miðaldanna í hinu heilaga Rómverska ríki, er þó átti að sjá um að öllu væri í skorðum haldið, er hafnaði því öllu, — Friðriki II., er sakaður var um að hafa skrifað þá svæsnustu vantrúarþók þeirra tíma, og sem nefndist: „Þrír svikarar, Móses, Jesús og Mohammed.“

Það eitt er víst, að hefði nokkur mögulegleiki verið á því að steypa alla í sama móti, þá hefði miðalda kristnin gjört það. Henni var gefið alt vald til þess af himni og jörðu. Þótt í ýmsum efnum, persónuóvild hefði hamlað því á stundum að allir yrði á sama máli, þá var það ekki altaf, enda margir þeir óvinir er játuðu afdráttarlaust sömu skoðun. Það verður að leita að orsökunum dýpra en það, og þær finnast í mannseðlinu og eðlislögmálinu sjálfu. Náttúran leikur sér ekki að því að búa til alla hluti eins, ekki jafnvel einstaklinga sömu tegundar eins. Engin tvö mannsandlit eru alveg þau sömu. Því skyldi þá hugur manna allra hneigjast að sömu sýnum?

Í samlögunarhugmynd eða „conformity“ í kristnum sið, ofan allar aldarnar, felst þó sannleikur, sannleikur alls lífs og tilveru í heiminum, það er einingar hugsjónin, heildar eining, þar sem allir eru samverkandi og samstarfandi, en ekki samhugsandi. En þessi hugsjón var misskilin og afvega færð, er skilyrðin fyrir því voru álitin vera þau, að allir væri samhugsandi, samtrúandi eða samsálar. Sú eining er hvergi til í alverunnar ríki nema í þröngri trúspeki. Samverkandi og samstarfandi er öll tilveran, að því takmarki geta allir menn stefnt og þess nær

sem þeir komast því, þess nær komast þeir því að lifa lífsins lög- máli, lögmáli guðs, er alstaðar er sjáanlegt. En í raunstarfi öllu bætir hver annan upp, með þeim afburðum, eiginlegleikum og gildi, er hver einstaklingur hefir til að bera fram yfir annan. Það er um að gjöra að hver einstaklingur sé sem fullkomnust vera, tilveru eining, út af fyrir sig. „Conformity“ tilverunnar er „conformity“ einstaklingsins til hinnar mestu fullkomnunar, er honum er möguleg. En það „conformity“ krefur frelsis og frjálsra handa. Innan trúar, siðar, eða stjórnarfrarslegrar orþo- doxíu, þar sem ekki er gjört ráð fyrir mismunandi þroska manna, er slíkt ómögulegt. Með játningu fyrir augum, er eng- inn má yfirstíga á sinni andlegu framfarabraut, og sem gilda á um aldur og æfi, er slíkt ómögulegt. Með því að forðast alla tilbreytni, og beygja ekki af braut feðranna í neinu, er slíkt ómögulegt. Hugur og skynjun mannsins verður að vera frjáls að leita út á við, rannsaka, hafna og velja. Það verður að vera algjört einstaklings frelsi.

Ýmsir óttast það, að það leiði til algjörRAR glötunar, hver verði þá upp á móti öðrum og alt hið sameiginlega með mönn- um hverfi. Á því er engin hættu, eftir er ætíð eitt er allir eiga sammerkt, er enginn fær viðskilið, en það er mannlegt eðli. Það er það einingarband á hugsun og stefnu, er nægja mun um allan tíma. Látum menn fara djarft, látum hvern stefna sína leið, er raunar mun aldrei koma til, þeir eru allir útbúnir í byrj- un með líkum áhöldum til rannsókna, og þeir eru allir hreyfðir og sveigðir eftir sömu tilfinningum er býr þeim í brjósti. Þó leiðirnar skiftist um stund sveigja þær saman að síðustu. Ást, von, lotning, lífsprá, meðaumkun, vinátta, eru sterkari tengzl en nokkur lagastafir. Og innri siðferðis meðvitundin, er leiðir alla, er henni hlýða, heila í höfn, færir oss þá einingu og sam- lögun, er kyrkjan hefir enn ekki getað áorkað.

Það hefir verið fundið trúarsamfélagi voru til, að það væri „nonconformískt“. Sú áklögun hófst á Englandi mjög snemma á siðabótinni. Sú ákæra barst sunnan úr Mið-Evrópu, frá Pól- landi, Transylvaníu og víðar. Eingingis mennirnir hafna trúar- formálum kyrkjunnar almennu, sem bindandi fyrir menn. Það

hefir heyrst nú á síðustu tímum í þjóðfél. voru, að Unítarar væru trúlausir, af því þeir væri trúarjátningar lausir. Því skal ekki neitað, að vér bindum ekki samtíð vora nokkurs manns eða eða manna skilningi, frá liðnum eða yfirstandandi tíma, á trúarlærdóminum. Það má vel vera, að það sé oss tjón og tefji fyrir að myndast geti voldugur flokkur og mannmargur að svostöddu. En þó er afstaðan rétt. Það gefur einstaklings frelsinu rúm, sálargáfum mannsins tækifæri að vaxa og fullkomnast, eftir því sem hver hefir atgjörfi til. Það eflir þá einingu í hinum æðra skilningi, þar sem einn bætir annan upp.


Eða hvað er fengið með „conformity“ eins og því sem kyrkjupingin fyrirskipuðu með bannfæringum og brottrekstri allra, er nokkurn mótþróa sýndu, eða hvað þýðir sú tileinkun, að kalla sig almenna, katólska, eins og Rómverska kyrkjan, þegar orðið í reyndinni þýðir, að helmingi manna er burtkastað út úr kyrkjunni.

Menn á vorum tíma eru farnir að hugsa út í hvað slík nöfn þýða. Og eftir því sem lengra líður sjá menn það betur. Vér erum „nonconformistar“ og blygðumst vor ekki fyrir það nafn, heldur leggjum það til athugunar og undir dómsályktan allra skynbærra manna.

Vér trúum á framför mannkynsins og, að hið góða í mannlegu eðli, er í allra meðvitund er ofið, sé hinn eini eilífsanni sameiningar þáttur í bræðralagi mannkynsins, nú og um komandi tíma.



GUÐSPJÓNUSTUGJÖRÐIN.



Friggi ræðu flytja vann
— flóðu á mörgum trýnin. —
Hún var öll um Andskotann,
sem ekki fór í svínin.

Svá.



Þ ö g n .

DYLUR þögn í hugar húmi
 heim, sem auga neitt ei leit,—
 vonarlindir sætar svala
 seggja þrá í munarreit.—
 Óþú geimur undramynda,
 enginn sjálfur lýst er fær;—
 minjahafs um sylg þar svífur
 sorg í dag en bros í gær.
 Hver má lesa leifturstafl
 ljóss, er dylst í Þagnarhafi?—
 Þeir sem ófædd elding vofa
 yfir brám, sem draumlaust sofa.
 Ást og gleði, heift og harmur,
 hylst í mun, þar svellur barmur:
 Sálareldsins ægipruma
 ómar við þagnarrof.

Þú, sem dæmdir höfgan huga,
 hóm er duldi Þagnar-eims,—
 vit, að síðar böll þig bítur
 báls er fólu ský þess geims.
 Víða Þöguls hugur hvarflar.
 Hvar er takmark sálar-rúms?
 Ei er sigur óþurfenda
 undir rúnum dularhúms:
 Rís nú brim, þars logn á legi
 lá í gær að miðjum degi.—
 Það mun tálmi þinna ferða,
 Þögn og Já mun óskýlt verða:
 Trúum aldrei þeim er þegir,

þó að greiðir sýnist vegir;—
 bjarg, sem jökull byrgði' að kveldi
 bálar við sólaris.

Styrkárr Vésteinn.



Dalsmynni.

Úr Borgfirðingaljóðum.

Tileinkað frændkonu höfundarins, V. Brynjólfsdóttur,
 frá Hreðavatni í Norðrárdal.

I. HAUST.

Við sumarhvarf er mynni dalsins dapurt
 og dynljóð elfar þrungið höfgablæ.
 Og Svásúð skelfir Norðra-brósið napurt,
 sem náklóm lýstur hvert eitt suðrænt fræ.
 Fáleitt er blóm á holtum, móum, melum,—
 markar þau fölva geislahvarfsins rún.—
 Þá kyngi mögnuð kreikar nótt úr felum,
Kveldroðinu deyr á fjallsins vesturbrún.

II. VOR.

Við brotthvarf vetrar brosir dalsins mynni
 og bjargsins gýgur feginshörpu slær,—
 þá endurskín vort æskuleika kynni,—
 ið unga blóm mót sólarlogum hlær.
 Og morgungeislar, Mælifells of hlífir,
 í meginskrúði birta frelsisrún; —
 Þar náheimслиð í nánd ei lengur stríðir,—
Náttskugginn deyr á fjallsins austurbrún.

STYRKÁRR VÉSTEINN.



Einn steinn myndar ekki fjallið.



PÆIR menn og konur, er hjá sér finna starfslöngun til háleitra og nauðsynlegra verka, eru þeir, er fengið hafa köllun, köllun til viðtækara lífs en viðhaldi sinnar eigin tilveru.

Óteljandi margir af þeim, er finna til köllunar hjá sér, vinna sín verk í kyrþey og verða aldrei kunnir. Nöfn þeirra tynast og gleymast. En árangurinn af starfi þeirra tynist ekki, en lifir og rís upp í breyttum aldarhætti, göfugri hugsunarhætti, farsælla mannfélagi. Þeir erviða ekki til einskis. Án þeirra gifturíku verka og trúmennsku, yrði stórvirkin aldrei framin.

Þeir, sem unnið hafa stórvirkin, leyst úr stór vandamálum heimsins, lifa í sögu og á tungu manna, um aldur og æfi. En hin stórdásamlegu verk þeirra hvíla þó á hinu, að það hafa þúsundir þúsunda leyst af hendi köllunarverk sitt í hinum smærri efnun, með trúmennsku og heiðri.

Hinir ágætustu mannanna sona, er rísa eins og klettur upp úr hafinu, er menn sjá hátt gnæfandi yfir alt og alla, ofan allar aldaðir, er engin breyting eða framlíðandi stund megnar að óskýra fyrir augsýn kynslóðanna, er koma og fara um þúsundir ára, eru öldufaldurinn, efsta gnípa fjallsins. Steinarnir mörgu, er mynda fjallið, eru mennirnir, er lokið hafa dagsverki sínu eins og drengir góðir.

Það er því satt, að enginn maður getur risið upp til hinnar allra hæstu hæðar mannlegs ágætis, meðal nokkurrar þjóðar, nema meginþorri þjóðarinnar sé hugsjón sinni og köllun trúr.

Einn steinn myndar ekki fjallið!

Það er dómurinn, er sagan kveður upp yfir þjóðunum á þeim tímabilum, er ekki vottar fyrir að nokkurt stórmenni hafi lifað, að þjóðin, sem heild, hafi verið ótrú sinni æðstu köllun, réttlæti og drengskap.

Einn steinn myndar ekki fjallið, og það kennir oss líka, að langi oss til að sjá vora öld og samtíð auðgast af dæmum göfgis og mikilleika, þá fæst það aðeins með því, að „hver eftir mætti vinna reynir sitt“ — hjálpi til að hlaða fjallið. Og sundrung og dramb, hroki og eigingirni, hlaða aldrei það fjall. Meðan úr því á að hlaða verður þjóðin jafnan andlega smá. Finnist oss fátt um vora eigin tíma, dagar vorir daufir og leiðtogar vorir smáir og fátt um stóra menn, er skuldin ekki meira þeirra en vor.

Einn steinn myndar ekki fjallið, og það þarf að leggja meira en eitt eða tvö eða þrjú sandkorn undir þann stein, ef hann á að rísa hátt upp og verða vegamerki um langa tíð.

Það er almenn ímyndun margra söguritara að Jesú frá Nazareth hafi stofnsett kyrkjuna á jörðunni, að Marteinn Luther hafi endurbætt siðinn, og kunnum vér að nefna þau tvö nöfn þá höfum vér alla sögu andlegu hreyfinganna ofan til þessa dags á vorum tíu fingrum. Ekkert er stærri misskilningur en það. Þótt Jesú einn hefði lifað, hefði engin kyrkja orðið til. Þótt Marteinn Luther festi upp ágreinings atriði sín, á kyrkjuhurðina í Wittenberg, hefði engin siðaskifti komist á. Í hvoru tveggja tilfellinu hefði ekki eins manns æfi enzt til þeirra hluta. Jesú lét lífið á krossinum, þar með var öllu lokið er hann gat gjört. Ef ekki hefði komið maður á eptir honum, með víðtækari þekkingu, víðtækara starfssviði, — postulinn Páll, — er bætti lífi sínu og æfidegi við hans, hefði hreyfing Nazareans aðeins orðið bóla, er skjótt hefði hjaðnað á hinu ókyrra yfirborði mannglegra umbrota á þeirri tíð.

Sama má segja um Luther. Á undan honum voru margir gengnir, er vakið höfðu þá hugsun meðal manna, að verjast skoðana ófrelsi kyrkjunnar, og létu lífið í þeirri baráttu. Og ekkert hefði orðið úr þeirri hreyfingu hefði ekki fleiri hendur hjálpað jafnframt, og ef ekki hefði á eftir honum komið sá, er innsiglaði mannréttinda og trúfrelsis kröfu siðaskifta manna með blóði sínu; — konungurinn Gustaf Adolf II.



SMÆLINGJAR.

Fimm sögur, eftir Einar Hjörleifsson.
Svo, 130 bls. Winnipeg, 1908. Kostnað-
armaður: Ólafur S. Thorgeirsson.

Bók þessi er nýútkomin í vönduðum frágangi og góðu bandi. Hefir útgefandinn sent „Heimi“ eitt eintak hennar, og kunnum vér honum góðar þakkir fyrir.

Fjórar þessar sögur hafa áður komið út í tímaritunum að heiman, og fylla þær fyrri helming bókarinnar, en síðasta sagan sem miklu er lengst, er nú gefin út í fyrsta sinn. „Vitlausu Gunna“ heitir þessi saga. Efni hennar er hið sama og felst í þessari vísu Hannesar Hafsteins:

„Það var það gamla, að gestur kom
að garði þar og beina hlaut.

Hann tryggðum hét og trúnað fékk,
en tældi snót, og fór á braut.“ — — —

— til Ameríku.

Sagan er sögð frásegjanda af vinkonu Guðrúnar, gamalli konu, heldur fákunnandi í vísindum þessa heims, en ótrúlega er henni látið takast upp, með mannlýsingar og heimspekislegar sennur út af lífinu.

Þó vefur höfundurinn inn í aðalþráð sögunnar, efni, sem ótítt er í íslenskum skáldskap, — trúarlífs baráttuna. Guðrún berst á milli vonar og ótta um tilveru og eiginlegleika guðs, fram undir andlátíð. En þó sannfærast hún um algæzku guðs, og þegar hann sviptir menn öllum fögnuði og ánægju, þá sé það til þess, að þeir öðlist enn meiri fögnuð, — dauðafriðinn. Um háleiti þeirrar trúar, — sé það skoðun höfundarins, eða aðeins trú Vitlausu Gunnu, sem líkara er, — er fátt að segja. En upp gefinn hlýtur sá að vera er tekur þeirri trúarsátt við tilveruna.

Sagan „Fyrirgefning“ er óeðlilegasta og um leið fáfengi-
legasta sagan. Hún á að vera rituð á hversdagsmáli þeirra óupplýstu og er óspart tekið til fornafnanna, er víða er svo hnoðað inn í setningarnar að maður furðar sig á því hvort ekki hafi þau í ógáti ofskrifast hjá höfundinum. Til dæmis:

„Hún Ólöf hafði sagt henni það svo oft, henni Siggú litlu,

að hún færi til helvítis þegar hún *væri dæin*, ef hún gerði nokkuð ljótt.“ (bls 12). Vífast í þeirri sögu eru fornöfnin sett fram-
an við hvert mannsnafn. Það er alstaðar „*Hún Ólöf*.“— „Dan-
tid, *hon* Aaslaug varð vaksi jenta.“ „*Hon* Aaslaug drog til stöð-
uls.“ „*Han* gamla Knut Husaby lagde seg heldr aldri utan í
skinnbróki“— segir Björnson á landsmálinu norska. Það læt-
ur verr í eyra á landsmálinu íslenska, enda er það ekki lands-
málið íslenska. Með þessum feikna „*hann*“ og „*hún*“ íburði
tala engir á látlausu hversdagsmáli. Vér getum þessa aðeins
vegna þess, að sú þjóðsaga gengur að enginn eigi eins skemti-
legan stíl eins og Einar Hjörl. En oss finnst mikið vanta á að
þessi frásöguháttur geti látið vel í eyrum, og alls ekki frítt við,
að hann fylli röddina með flágjalla, þegar sagan er lesin upphátt.

Efni sögunnar er hugleiðing sveitarbarns um fráfall húsmóður
sinnar, er verið hefir barninu vernd. Það veltir fyrir séi öllum
vandamálum guðfræðinnar um réttlætisdóma guðs, hálfsofandi
í rúminu, og lendir síðan út á algjörðan „Universalism,“ finnur
að algjör útskúfun er ósamkvæm réttlæti guðs. Ekki svo ólag-
legt af sveitarbarni umkomulausu.

Í þessum tveim sögum er það eiginlega höfundurinn sjálfur,
niðursetningurinn og „Sigurlaug gamla,“ er söguna segir af
vitlausu Gunnu, er hugsar, talar og ályktar. Og þótt hann
bregði á sjálfan sig þessu gerfi má þekkja manninn, hugsandi
og gruflandi undir gerfinu. Hann er nokkurskonar bókmennta-
legur Grímur Ægir, einn sprettinn sveitarkrakki, annan sprett-
inn kerling. En hvers kyns sem persónurnar eru, verður eðli
þeirra og skapnaður hans eigið eðli og skapnaður.

Lang bezta sagan í bókinni er „Purkur“ og fyrir þá smá-
sögu er bókin meira verð en hún kostar. Sú saga er látlaust
sögð, undraverð lýsing á dauðastríði öreigans og aumingjans,
eltur mitt í óráðinu af lánleysi og bjargarleysi heimilisins, sem
hann er að deyja frá. Þá er sagan „Skilnaður“ góð saga líka,
um algengt efni, sonurinn að fara til Ameríku, og verður að
skiljast við ástríka og örvasa móður, er þolir ekki af honum að
sjá og fær að deyja áður en hann siglir. Fyrsta sagan, „Góð
Boð“, er sú lang tilkomumesta „Allegoria“ sem samin hefir
verið á íslensku.